

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga II

KVENFÉLÖG
VIÐ ALDAHVÖRF
KÖNNUN Á HÖGUM KVENFÉLAGANNA
Í TILFNI 130 ÁRA STARFSEMI
KVENNASAMTAKA Á ÍSLANDI
1869 TIL 1999

Sigríður Sigurðardóttir
1999

Efnisyfirlit

Könnun meðal kvenfélaganna í tilefni 130 ára starfsemi	
kvennasamtaka í landinu.....	3
Kvenfélag Rípurhrepps 130 ára.	7
Markmið og hlutverk.....	10
Fjáröflunaraðferðir.....	11
Skemmtanir.....	12
Stuðningur.....	13
Viðhorf til kvenfélaganna.....	14
Útgáfa.....	15
Handverk.....	16
Í sjóði minninganna.....	16
Viðbrögð við breyttum þjóðfélagsháttum.....	17
Hvað segja konur um ástandið eins og það er?.....	19
Fyrir rúmum áratug.....	19
Margt smátt gerir eitt stórt.....	21
Lokaorð - samvinna, mannúð, menning.....	21
Heimildir.....	23

Könnun meðal kvenfélaganna í tilefni 130 ára starfsemi kvennasamtaka í landinu.

Árið 1999 sendi Bygðasafni Skagfirðinga spurningalista til allra kvenfélaga landsins, yfir 200 talsins, í því skyni að kynnast starfsemi þeirra við aldahvörf. Tilefnið var að 130 ár voru liðin frá stofnun fyrstu kvennasamtaka á landinu, sem var Kvenfélag Rípurhrepps. Fjórðungur svaraði. Niðurstöðurnar eru því á mörkum þess að geta talist marktækar, en þær gefa góðar upplýsingar um þau félög sem svöruðu og vísbendingar um starfsemi kvenfélaganna almennt.

Tilgangurinn með könnuninni var að kynnast starfsemi og aðstöðu kvenfélaganna, hvað hefði breyst og hver markmið þeirra og hlutverk væru á þessum tímamótum. Með þessu móti vildi bygðasafnið minnst skagfirskra kvenskörungna á seinni hluta 19. aldar. Sérstaklega Sigurlaugar Gunnarsdóttur (1828-1905) og þeirra kvenna sem með henni stofnuðu fyrsta kvenfélagið í landinu og hafði víðtæk áhrif á mannlíf í Skagafirði á sínum tíma. Markmiðið var líka að vekja athygli á mikilvægu starfi kvenfélaganna og láta ekki sitt eftir liggja að brýna kvenfélagskonur um land allt til atlögu við nútímann. Því þrátt fyrir alla tækni og framfarir er vissulega enn þörf fyrir hina hlýju hönd samfélagsins, sem kvenfélögin eru. Líta má á könnunina sem áfangaskýrslu á langri leið og verður hún varðveitt sem slík. Þessi samantekt er send öllum kvenfélögunum sem svöruðu málaleitan safnsins og er von undirritaðrar að hún gefi innsýn í starf þeirra, og góðar hugmyndir.

Skoðanakönnun um hlutverk og markmið kvenfélaganna árið 1999

Hvað heitir
kvenfélagið: _____
Hvenær var það stofnað? _____
Hver voru markmið þess í upphafi? Segið hvernig markmið félagsins
hafa breyst eftir tímabilum.

Hver eru markmið félagsins í dag og hver ná fram að ganga? Hvað
má betur fara? _____

Gjörðu svo vel að merkja við þau atriði hér, sem félagið hefur sinnt
undanfarin 3 ár. Veislur:

___ Afmæli
___ Erfidrykkjur
___ Annað (hvað?) _____

Skemmtanir:

___ Ferðalög (hvert?) _____
___ Jólatrésskemmtun
___ Annað (hvað?) _____

Útgáfa:

___ Blað (hvaða?) _____
___ Bók (hvaða?) _____
___ Annað (hvað?) _____

Stuðningur:

___ við opinberar stofnanir (hvaða?) _____
___ við sjúklinga eða sængurkonur
___ við fátæka
___ Annað (hvað?) _____

Handverk:

___ Námskeið (hvaða?) _____
___ Annað (hvað?) _____

Hvaða breytingar sérðu fyrir í starfi félagsins á nýrri öld?

Hvað er þér persónulega minnisstæðast varðandi starf þitt með
kvenfélaginu?

Svör bárust frá þessum félögum:

Félag	Stofnár	Staður
Rípurhrepps	1869/1951	Hegranes/Skagafjörður
Framtíðin	1894	Akureyri
Hvítabandið	1895	Reykjavík
Svalbarðsstrandar	1901	Eyjafjörður
Fnjóskdæla	1905	Suður-Þingeyjarsýsla
Þóroddsstaðasóknar	1905	Suður-Þingeyjarsýsla
Hlíf	1907	Akureyri
Vopnafjarðar	1907	Vopnafjörður
Nanna	1907	Neskaupsstaður
Von	1907	Vestfirðir
Aðaldæla	1908	Aðaldalur/Þingeyjarsýsla
Staðarhrepps	1908	Hvammstangi
Staðarhrepps	1908	Skagafjörður
Skeiðahrepps	1908	Árnessýsla
Líkn	1909	Vestmannaeyjar
Hvöt	1912	Hnífsdalur
Tilraun	1915	Dalvík
Einingin	1915	Borgarfj.eystri/N.Múlas.
Freyja	1916	Raufarhöfn
Reyðarfjarðar	1916	Reyðarfjörður
Hörgdæla	1918	Hörgárdalur/Eyjafjörður
Baldursbrá	1919	Akureyri
Ársól	1920	Suðureyri/Súgandafjörður
Lindin	1921	Norður-Múlasýsla
Keldhverfinga	1922	Norður-Þingeyjarsýsla
Grindavíkur	1923	Grindavík
Tíbrá	1924	Höfn/Hornafjörður
Bessastaðahrepps	1926	Álftanes
Vonin	1927	Torfalækjarhreppur/Árn.
Bergþóra	1927	Ölfus/Árnessýsla
Hvítársíðu	1928	Hvítársíða/Borgarfjörður
Vaka	1928	Djúpivogur
Björk	1930	Hjaltastaðapínghá/Hérað

Skaftártungu	1931	Vestur-Skaftafellssýsla
19. júní	1938	Borgarnes
Eyrarrós	1938	Kirkjubæjarklaustur
Lýtingsstaðahrepps	1939	Skagafjörður
Engihlíðarhrepps	1941	Eyjafjörður
Hríseyjar	1942	Eyjafjörður
Eygló	1944	Hvolsvöllur
Ársól	1944	Vestur-Húnavatnssýsla
Neisti	1945	Vestfirðir
Selfoss	1948	Selfoss
Bláklukka	1948	Norður-Múlasýsla
Hvöt	1950	Sléttuhíð/Skagafjörður
Þverárhliðar	1952	Þverárhíð/Borgarfjörður
Langholtskirkju	1953	Reykjavík
Garðabæjar	1953	Garðabær
Framtíðin	1962	Ásahreppur/Suðurland
Reykjahrepps	1970	Reykjadalur/S.Þing.
Harpa	1970	Tálknafjörður/V-Ísafj.
Framför	1977	Þingeyjarsýsla
Systrafél. Víðistaðasóknar	1980	Hafnarfjörður
Aldan-Voröld	1985 - 1918/1933	Suður-Þingeyjarsýsla
Hofshrepps	1995 - áður Ósk&Aldan	Skagafjörður

Svörin eru varðveitt í Byggða- og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Kvenfélag Rípurhrepps 130 ára.

Þann 19. júní 1999 var haldin veisla í Áshúsi sem stendur við Glaumbæ. Hús þetta, sem nú er eign byggðasafnsins, var reist í Ási 1883-1886 og ætluðu húsráðendur að hýsa þar Kvennaskóla Skagfirðinga. Fyrsta árið sem skólinn starfaði 1877 hafði hann verið til húsa í Ási og vissi húsfreyja þar, Sigurlaug Gunnarsdóttir, að hann mátti ekki vera á hrakhólum um allt héraðið ef hann ætti að dafna. Ekki varð þó húsið í Ási kvennaskólahús eins og hana dreymdi, en hýsti marga afkomendur hennar.

Byggðasafn Skagfirðinga og Samband skagfirskra kvenna stóðu fyrir veglegri dagskrá í tilefni þessara merku tímamóta og konur úr öllum kvenfélögum í Skagafirði lásu upp 130 ára „annál“ félaganna. Afkomendur Sigurlaugar létu ekki sitt eftir liggja. Fjórar frænkur skörtuðu fögrum skautbúningum sem barnabörn Sigurlaugar í Ási saumuðu fyrir tæpri öld, leikið var á hljóðfæri og nafna hennar og af komandi, Guðmundsdóttir, afhenti safninu glæsilegan búning sem frú Sigurlaug saumaði sjálf á árunum 1864-1865. Þann hinn sama og hún klæðist á myndinni hér á forsiðunni.

Markmið kvennanna í Hegranesinu árið 1869 voru skír og þær voru svo framsýnar að þær sendu fréttatilkynningu um fyrstu fundina í blaðið *Norðanfara* til að enginn væri í vafa um hvað þær væru að gera á „pilsafundunum“ sem svo voru kallaðir.

Fyrstu samþykktir kvenfélagsins.

Aðalumræðuefni fundarins 7. júlí 1869 var um hreinlæti og hvað mætti fara betur, bæði varðandi þrifnað og um betri nýtingu þess sem til var og hvað hægt væri að nota sem ónotað var.

Á fyrsta fundi var samþykkt:

- 1) að venja börn snemma við þá starfsemi sem þau réðu við,
- 2) að senda hreina ull í kaupstaðinn
- 3) að koma upp vefstólum á öllum bæjum og kenna fleiri konum að vefa. (*Norðanfari 1869, bl. 82-83*)

Á næsta fundi var samþykkt að:

- 1) að kenna öllum börnum að lesa og skrifa,
- 2) að viðhalda íslensku þjóðerni sér í lagi með tilliti til klæðasniða og að láta börn ekki heita óþjóðlegum nöfnum, síst 2 eða 3,
- 3) að aðstoða við að koma upp matjurtagörðum á öllum bæjum, að reikna út kostnað við heimilishaldið sjálfar, að stofna sjóð til að kaupa þarflegar heimilisvélar. (*Norðanfari 1871, bls. 88-89*)

Pannig gáfu konurnar tóninn til betra mannlífs. Fljótlega beindust sjónir þeirra að því að bæta líðan og liðsinna fólki sem minna máttu sín og veita von og gleði inn í mannlíf líðandi stundar.

Búningurinn og allt sem honum fylgir er sannkallað þjóðargersemi. Hann er annar tveggja sem hún saumaði eftir forskrift frá Sigurði Guðmundssyni (f.1833) málara, frá Hellulandi í Hegranesi. Hann var heimilisvinur og frændi húsbóndans í Ási og hafði mikil áhrif á þau Áshjón. Hann fór ungur til náms til Danmerkur. Árið 1855 dvalið hann í Ási og var þeim Sigurlaugu þá tíðrætt um íslenska kvenbúninginn og það sem betur mætti fara hjá kvenþjóðinni. Sendi Sigurður henni teikningar og nýjar útfærslur á búningnum, sem hún saumaði í hjáverkum. Hann ýtti undir umræðu um jafnrétti kynjanna og taldi konur jafn hæfileikaríkar og karlmenn að öllu leyti, en þær skoðanir hans voru harla óvenjulegar í þá daga. Hann hafði mikinn áhuga á félagsskap kvennanna og hvatti þær með ráðum og dáð eftir að kvenfélagið komst á legg.

Hægt er að kynnst sögunni um Sigurð málara, Sigurlaugu og búninginn betur á heimasíðu byggðasafnsins undir:

www.krokur.is/glaumb/

Stór hópur kvenna, sem sóttu samkomu í Áshúsi þann 19. Júní 1999, voru klæddar þjóðbúningum. Þeirra á meðal voru fjórar stúlkur, afkomendur Sigurlaugar Gunnarsdóttur í Ási, klæddar í skautbúninga, kyrtla, sem saumaðir voru um og eftir aldamótin 1900. Þær eru fyrir miðju í hópnnum.



Spurningarnar voru ekki margar, enda ekki tilgangurinn að kafa djúpt í starfsemi félaganna. Spurt var um nafn, hvenær stofnað, markmið í upphafi, markmið í dag, spurt var um hvað mætti betur fara og hvaða væntingar konur hefðu til félaganna sinna. Þá var beðið um upplýsingar um ákveðin atriði, ss. hvort félagið tæki þátt í veislum, skemmtunum eða útgáfu, hvort það veitti stuðning til ákveðinna málaflokka eða stæði fyrir námskeiðum og hvort breytingar væru fyrirhugaðar í starfseminni.

Lítill munur virðist vera á starfi kenfélaganna hvort þau starfa í þéttbýli eða dreifbýli.

Víða er talað um að kvenfélögin verði að taka sig á og gera félögin áhugaverðari fyrir yngri konur, og þeirra áhugasvið virðast í flestum tilvikum ekki falla saman við yfirlýst markmið kvenfélaganna.

Svarendur geta iðulega um það hversu starfið í kvenfélögunum sé gefandi og skemmtilegt og mjög til þess fallið að auka

samstöðu og félagsskap kvenna, sérstaklega í dreifbýlinu. Þær hafa líka lært það að samstarfið er uppbyggjandi fyrir þær sjálfar. Það eflir og styrkir sjálfsímyndina og stuðlar að samvinnu á fleiri sviðum en eingöngu í félaginu.

Svarendur geta þess líka oft hversu dásamleg tilfinning það er að styrkja þá sem um sárt eiga að binda og finna þakklæti fólksins sem aðstoðina fær.

Við skulum líta á svörin.

Markmið og hlutverk

Í upphafi var tilgangur flestra kvenfélaganna að vinna að ýmiskonar líknar- og framfaramálum, að efla menntun, sjálfstæði, samvinnu og samstöðu kvenna og að stuðla að aukinni leikni á sem flestum sviðum. Það má segja að í hnotskurn hafi áherslan verið lögð á „að efla samvinnu meðal kvenna, og styðja að aukinni menntun þeirra og líknarstarfsemi“

Í dag virðast sömu markmið enn í fullu gildi þó svo að áhersla hafi færst meira yfir á konurnar sjálfar og að þær geri eitthvað fyrir sjálfar sig, fari í ferðalög, námskeið og standi fyrir eða sækji ýmsar skemmtanir. Miðað við fyrri tilvitnun gætum við eins haft það fyrir markmið nútímans og til stuðnings, vitnað í fremur ungt félag sem hefur ma. það að markmiði „að efla samvinnu meðal kvenna í héraðinu, líkna bágstöddum og hrinda í framkvæmd nytsömum fyrirtækjum“.

Áhersluþættir starfsins eru áberandi. 51 af þessum 55 félögum hafa að megin markmiði að aðstoða við líknarmál ýmiskonar. Önnur áherslumál eru menningarmál og að auka samvinnu meðal kvenna. Fjögur af 55 leggja meiri áherslu á umhverfismál en líknarmál. Mörg kvenfélaganna hafa starfað hátt í eina öld og kannski er kominn tími til að skoða markmið þeirra á ný og leiðirnar sem farnar hafa verið að þeim.

Fjáröflunaraðferðir

Fjáröflun er eðlilega fyrirferðarmikil í starfi félaganna. Þau bjóða ýmiskonar kaffi og matarveislur við hin ýmsu tækifæri ss. erfisdrykkjur, afmæli, fundi ofl. Fjáröflun er alltaf í gangi og ekki vantar kvenfélögin umsóknir eftir styrkjum.

Afmæli 17/55

Erfisdrykkjur 32/55

Fundarkaffi 17/55

Ættarmót 3/55

Veisluþjónusta 6/55

Önnur veisluhöld¹ 21/55

Annað² 2/55

Fjáröflunaraðferðir kvenfélaganna eru með ýmsum tilbrigðum en þó keimlíkar. Fullyrða má að hluta þessara fjáröflunarleiða megi fremur túlka sem kvöð en átak sem fylgir ákvörðunum um fjáröflun til gjafa eða styrkja. Þannig er sennilega komið fyrir mörgum félögum varðandi erfisdrykkjur. Vissulega er staða kvenfélaganna misjöfn hvað þetta varðar en á stórum svæðum í dreifbýlinu er stólað á að kvenfélögin sinni erfisdrykkjum af gömlum vana. Þannig verða konur í fámennum félögum oft undir álagi af þessum völdum. Ekki vil ég dæma hvort ástandið er ákjósanlegt eða óþægilegt eins og það snýr að félögunum en það er alveg ljóst að ef kvenfélaganna nyti ekki við, til dæmis víða við erfisdrykkjur, myndu síðir varðandi stórar veislur eins og erfisdrykkjur eru, munstra sig upp á annan hátt. Þarna er staða kvenfélaganna áberandi sterk þegar horft er til þess að viðhalda hefð. Fullyrða má að með erfisdrykkju gefst félögum kostur á þrennu:

- 1) Konur vinna saman og hittast utan félagsfunda.
- 2) Þetta er örugg fjáröflun fyrir félagið.
- 3) Ekki síst má telja erfisdrykkjur samsæti þar sem stórar fjölskyldur og kunningjahópar hafa tök á að hittast og

¹ Réttarkaffi, kosningakaffi, kirkjukaffi, saumaðar svuntur, fermingarveislur, þorablót,

² Vinna efni til sölu á basar eða mörkuðum.

endurnýja og viðhalda kunningsskap og ættarböndum,
sem virðast ansi auðleyst í hraða nútímans.

Pannig má segja að kvenfélögin geri samfélaginu kleift að halda samkomur þar sem vináttu- og fjölskyldubönd eru treyst, sem er mikilvægt í okkar litla samfélagi. Hins vegar má spyrja hvort fjáröflun eigi að verða skylda eða kvöð, og hvort kvenfélögin hafa tök á nýjum leiðum í fjáröflun sinni.

Skemmtanir

Kvenfélögin hafa í auknum mæli komið á skemmtunum fyrir félagskonurnar sjálfar en þó eru skemmtanir, sem settar eru upp fyrir aðra í miklum meirihluta.

36 af 55 félögum hafa boðið félagskonum upp á ferðalög innanlands og 7 utanlands.

21 kvenfélög gera sér dagamun á: þorra, páskum, öskudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, sjómannadaginn, 17. júní, 19. júní, 1. desember og jólum. Á þessum dögum er eitt og annað haft til skemmtunar og ýmist er boðið upp á eða selt kaffi til fjáröflunar í leiðinni.

Nokkuð er um heimsóknir til annarra kvenfélaga í þeim tilgangi að skiptast á skoðunum og blanda geði. Leikhúsferðir eru vinsælar og að fara saman út að borða, bjóða mökum til kvöldverðar og halda skemmtifundi. Ferðalög hafa alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfsemi félaganna bæði til að kynnast félögum á öðrum vettvangi en við störf eða á fundum og einnig að ferðast og fræðast um land og þjóð.

36 af 55 kvenfélögum halda í þann gamla og góða sið að sjá um jólatrésskemmtanir, sem kvenfélögin eiga víðast hvar heiðurinn af að koma á og viðhalda, öllum börnum til ánægju sem þátt taka.

39 af 55 kvenfélögum bjóða upp á margskonar aðrar skemmtanir svo sem leikhúsferðir, bingó, spilakvöld, saumaklúbba, kvöldvökur, fræðslufundi, tískusýningar,

fjölskylduferðir, gönguferðir, spurningakeppni, aðventukvöld, töðugjaldadansleiki og litlu jól.

Þessar skemmtanir hafa verið beggja blands, skemmtun og fjáröflun. Engar tekjur eða litlar hafa þó hingað til komið til félaganna fyrir jólatrésskemmtanirnar eða aðventukvöldin. Eftir því sem fækkar í félögunum eiga þau óhægara með að sinna gömlum hefðum, jafnvel þótt þær hafi sjálfar komið þeim á. Á síðasta áratug hafa mörg félaganna gefist upp á jólatrésskemmtunum og þau hafa horfið í aldanna skaut, ef aðrir hafa ekki tekið við þeim.

Stuðningur

Kvenfélögin hafa alla tíð stutt bágstadda og þær stofnanir samfélagsins sem hafa þurft á sérstakri aðstoð að halda í formi lækningatækja eða átaks í formi fjárstyrks eða á annan hátt.

51/55 styrkja opinberar stofnanir³

29/55 styðja við sjúklinga og sængurkonur.

21/55 aðstoða fátæka

34/55 styðja við þegna þjóðfélagsins á annan hátt. Má þar nefna fermingargjafir, afmælisgjafir til aldraðra og að létta þeim tilveruna á ýmsa vegu, fjárstuðningur við fósturbörn í útlöndum, björgunarsveitir og Rauða krossinn. Einstaka félag hefur tekið að sér verkefni á öðrum nótum, sem eru samt beinn stuðningur við samfélagið, svo sem að sjá um hirðingu kirkju og -garðs.

Mörg kvenfélögin hafa fyrst og fremst starfað sem líknarfélög og stutt við bakið á stofnunum og samtökum sem fara með hjúkrunar og líknarmál af öllu tagi eins og glöggst sést á svörunum. Margt hefur þó breyst, eftir því sem árin liðu. Ýmsar breytingar á starfsemi og markmiðum félaganna, sem

³ Áberandi er stuðningur við sjúkrahús, leikskóla, barnaskóla, kirkjur, dvalarheimili aldraðra ofl., vímuvarnir, leikvelli, félag hjartasjúklinga, bókasafn, tónlistarskóla, alnæmissamtök, kvennaathvarf.

hafa haft áhrif á starfsemi félaganna í seinni tíð voru meðal annars:

- að áberandi er í dag að aðstoð kvenfélagsins við bágstadda er sjaldnast bein, heldur bundin við líknarfélög.
- að kvenfélögin gefa nú fremur tæki og búnað í opinberar stofnanir en að senda þeim fjárframlag.
- að nú sjái félagsmálastofnanir um margt sem kvenfélögin gerðu áður.

Viðhorf til kvenfélaganna

Gegnumgangandi gætir nokkurrar svartsýni á starfsemi kvenfélaganna, til framtíðar lítið. 26 af 55 svarendum eru svartsýnar á framhaldið. Þar af tala 17 um að félagsskapurinn leysist upp innan fárra ára. Í því sambandi er rétt að geta þess að Kvenfélag Engihlíðarhrepps lagði niður starfsemi sína um áramótin 2000, samkvæmt fundarsamþykkt frá 13. apríl 1999.

Ástæður svartsýninnar eru nefndar:

- fækkun í félögunum,
- lítil sem engin endurnýjun,
- ungar konur tregar til þátttöku,
- ímynd kvenfélaganna neikvæð og að þau fylgi ekki tíðarandanum
- áhuga- og tímaleysi sem er að ganga af öllum félagsskap dauðum.

Samt búast 27 af 55 svarendum við að haldið verði áfram sama nuddinu. Bjartsýni gætir þó hjá 13 úr þeirra hópi. Skemmtilegt var að tveir svarendur gátu sérstaklega um uppgang og mikinn hug í sínum félögum og tala um mikla virkni því alltaf bætist ungar konur í hópinn, sem starfa af fullum krafti. Það sem betur mætti fara segja svarendur að væri ef tekið væri meira mark á þeim.

Konur spá breytingum á nýrri öld og nefni ég nokkrar af handahófi til að gefa innsýn í hugmyndir þar um og hvers vegna þær álíta að svo verði:

- Minnkandi starfsemi vegna breyttra þjóðfélagshátta.

- Fámennið drepur allt félagsstarf.
- Ungar konur vilja hafa gaman en ekki bakstur og leiðindi!
- Kvenfélagsfundir eru ekki lengur sú langþráða tilbreyting sem þeir voru.
- Minni tími fyrir félagsmál fyrir konur sem „vinna úti“.
- Af þeim sökum ma. koma yngri konur ekki í félagið.
- Konur vilja gera meira fyrir sjálfa sig.
- Nauðsynlegt er að efla samkennd og gera félagið meira aðlaðandi fyrir nútímakonur.
- Það er bara tímaspursmál hvenær mörgum félögum verður slitið ef engin endurnýjun verður.
- Skilningur stjórnvalda mætti vera meiri fyrir því starfi kvenfélaganna, sem eru mörg ekkert annað en líknarfélög.
- Kvenfélögin gætu haft miklu meiri áhrif á umhverfi sitt en þau hafa, til dæmis í skólamálum.
- Félögin verða að fara í endurskoðun, fylgja tíðarandanum og breyttum hugsanagangi, einkum að taka tillit til útivinnandi kvenna.
- Kvenfélögin breytist í fyrirlestra- og endurmenntunar- og fræðsluklúbba, því alltaf er erfiðara og erfiðara að fá konur til að leggja fram vinnu.
- Félögin eiga að einbeita sér að því að hlúa að nánasta umhverfi og halda á lofti gömlum og góðum siðum.
- Félögum fækkar, fjárhagur þrengist, fjárstuðningur út í samfélagið minnkar.
- Félögin styrki fremur ýmis þarfleg málefni í heimabyggð en senda gjafir til opinberra stofnana.

Útgáfa

Nokkur félaganna hafa gefið út bækur og blöð.

13 af 55 gefa út fréttabréf, sem koma út með ákveðnu millibili.

7 af 55 hafa gefið út afmælisrit.

7 af 55 gefa út ýmislegt annað, svo sem matreiðslubækur, ljóðakver ofl.

Handverk

Flest félaganna bjóða upp á námskeið af ýmsu tagi eins og kemur fram í neðanmálgrein.

Námskeið⁴ voru haldin í 33 félögum af 55. Tvö af 55 unnu við gróðursetningu og hirtu um gróður í gróðurreitum félagsins, en 18 af 55 fengust við annað⁵. Sjá greinileg merki föndurtískunnar á námskeiðunum.

Í sjóði minninganna

Spurt var um hvað væri minnisstæðast úr félagsstarfinu.

Svörin eru mismunandi en bera glögg með sér væntumþykju svarenda gagnvart félaginu sínu og hve mikið þær njóta samvinnu og skoðanaskipta við aðrar félagskonur. Ég tek upp nokkur svör, sem gott er að hafa á bak við eyrað, til dæmis þegar framtíðaráform félaganna verða rædd og metin.

Svarendur segja minnistæðast:

- að kynnast og vinna með konum á öllum aldri, sérstaklega þeim elstu sem hafa séð margt á langri æfi.
- glaðar stundir í góðum hópi við hin ýmsu viðfangsefni, dugnaður og ósérhlífni félagskvenna.
- yndislegur samhugur, rausn og dugnaður sem konur sýndu við fjáröflun fyrir mörg góð málefni.
- ferðalögin á sumrin og dugnaður og samhjálp kvenna við erfisdrykkjur.
- þegar kvenfélagskonur komu saman tvisvar í mánuði með handavinnu og lesin var framhaldssaga og spjallað.

⁴ Námskeið í: smurbrauðsgerð, jólaföndri, myndlist, bútasami, glerlist, taumálun, kökuskreytingum, kransakökugerð, flatbrauðsgerð, tréföndri, skrautskrift, pappírsblómagerð, þurrblómaskreytingum, prjóna- og saumavélameðferð, körfugerð, dúkaprjóni, innpökkun, kransagerð, jólakúlugerð, trölladeigsvinnu, endurvinnslu á pappír, skyndihjálp, tölvuvinnu, förðun, líkamsbeitingu, perlusaumi, matreiðslu, úrbeiningu, dansi, silkímálun, kortagerð, ræðumennsku, laufabrauðsútskurði.

⁵ Konur sauma nöfn sín í kaffidúka félagsins, vefa í eigin vefstól, brenna leir í eigin brennsluofni ofl.

- þegar ég var kosin gjaldkeri félagsins og fannst ég ekki vera fær um það, en gegndi því í 19 ár.
- kartöfluræktin í gamla daga, þegar við bisuðum með pokana og unnum saman að því að afla félaginu tekna í mörg ár. Einnig var ánægjulegt að kynnst nágrannakonum sínum betur í gegn um félagsskapinn.
- að afhenda gögn félagsins á Kvennasögusafnið.
- er kvenfélagið aðstoðaði eldri hjón sem misstu allt sitt í bruna og konur unnu við matreiðslu á meðan nýtt hús var byggt, við erfið skilyrði.
- samstaða og vinátta. Hve ótrúlega gaman er að vinna saman að hinum ýmsu verkefnum með hressum konum á öllum aldri.
- jólatrésskemmtanir í kring um 1950, löngu fyrir daga sjónvarpsins. Þá var þetta stórviðburður hjá börnum jafnt sem fullorðnum og mikil vinna í sambandi við það. Það var fyrir tíð rafmagnsins svo ekki var auðvelt með bakstur.
- ég held að kynni mín af öllum þessu góðu félagskonum sé dýrmætasta minningin.
- þegar Vestur-Íslendingar komu í heimsókn og félagskonur klæddust íslenskum búningum. Það að starfa með dugmiklum konum að fjáröflun til styrktar byggingar og ýmsum góðgerðarstofnunum.
- baráttan fyrir að eignast eigið húsnæði, sem loksins tókst fyrir 90 ára afmæli félagsins.
- að kynnst í gegn um tíðina stórmerkilegum konum sem er svo margt til lista lagt.

Viðbrögð við breyttum þjóðfélagsháttum

Af þeim 55 svörum sem komu var ekki oft minnst á hvernig best væri að bregðast við í framtíðinni og hefja sókn í stað þess að láta undan síga. Þessar hugmyndir komu þó fram og hafa þegar verið framkvæmdar þar sem þeirra var getið.

1. Stofnaður menntasjóður, sem veitir styrki til endurmenntunar fullorðinna.
2. Starfsemin kynnt almenningi. Okkar er vissulega þörf á nýrri öld.

3. Að sameina litlu félögin.
4. Fræðslunámsskeið.

Dæmi um hve hratt stundin líður er bréf frá einum bréfitara sem ég leyfi mér að endursegja hér að hluta til enda á bréfið erindi til okkar allra:

„Betra er seint en aldrei vona ég“. Ég biðst afsökunar á hvað seint þetta svar kemur frá okkur ... Ástæðan er kannski sýnishorn af þróuninni í nútímanum. Ég ætlaði að fá svörin vélrituð inn á blaðið, en venjuleg ritvél fyrirfannst ekki. Ungu konurnar nota bara tölvur, og við þessar eldri erum á „steinaldarstiginu“, kunnum bara að skrifa upp á gamla máttann, meira að segja lykkjuskrift. ... Það er full þörf á að halda til haga upplýsingum um störf kvenfélaganna, þau hafa ekki verið dugleg að láta á sér bera með myndatökum og blaðafregnum í hvert sinn er þau hafa lagt góðu málefni lið. Ég undrast alltaf meira og meira hverju konurnar á fyrri hluta aldarinnar áorkuðu þrátt fyrir samgöngu- og símaleysi að maður ekki tali um peningaleysi. „Sigursæll er góður vilji“.

Já hvenær skyldi koma að því að yngsta kynslóðin verður ólæs á lykkjuskrift, eins og við erum mörg ólæs á fljótaskrift 19. aldarinnar. Og ritvélarnar orðnar safngripir!

Margt athyglivert kom fram í svörum kvenfélaganna og af þeim má glöggst lesa hvernig félögin hafa, með mikilli ósérhlífni félagskvenna, beitt sér fyrir aukinni menntun og sjálfstæði kvenna og að efla samvinnu milli karla og kvenna, með hag samfélags, sveita, heimila, barna og bágstaddra að leiðarljósi. Markmiðin eru sígild en framkvæmdir mótast af aðstæðum á hverjum stað. Baráttumál kvenfélaganna fyrst á 20. öld að koma á fót skólum fyrir konur og börn hafa orðið að veruleika og þroskast og þróast í nýjar áttir. Enn eru kvenfélögin á vegamótum. Eiga þau að fara eða vera og hvaða kosti hafa þau á nýrri öld ef þau velja að vera?

Kvenfélögin styðja við öll góð málefni hvort sem þau eru innan sveitar eða á landsvísu. Þau eru „hlýja höndin“ í

samfélagi okkar sem við veltum sjaldan fyrir okkur en myndum sannarlega verð þess vör ef þau hættu starfsemi sinni. Þau eru í vandasömum þjónustuhlutverkum sem léttir starfsemi samfélagsins, en hafa ekki fengið mikla umbun fyrir.

Hvað segja konur um ástandið eins og það er?

Hér eru nokkur svör þar sem fram kemur mat kvenna á aðstæðum kvenfélaganna í dag:

- Því miður hefur kvenfélagið ekki markað sér skýra stefnu nýlega og sú gamla heldur ekki lengur, nema að hluta þar sem ekki er hægt að segja að kvenfélagið eflí á markvissan hátt það sem þjóðlegt er. Hins vegar erum við enn að afla fjár til að geta styrkt og stutt við bakið á þeim sem þurfandi eru. Félagið hefur þróast í að ver líknar- og menningarfélag.
- Hér áður var meira unnið. Til dæmis basar á hverju ári og þá var komið saman í margar vikur og unnið. Mikið var um kaffiveitingar og séð um jólatrésskemmtanir til fjölda ára. Kannski er mestur munurinn á hvað konur lögðu á sig fyrir félagið endurgjaldslaust. Nú þarf að fá borgað fyrir alla hluti.
- Aðferðir til tekjuöflunar hafa breyst talsvert frá 1907 og þó nú séu að koma aldamót aftur eru því miður margir sem búa við erfiðleikar og veikindi og þá er gott að eiga að öflugt kvenfélag sem lætur sér ekkert óviðkomandi.
- Á seinni árum eru tækifærin fleiri og tilbreytingin meiri, en áður fyrr var félagsstarf kvenfélaganna mjög nauðsynlegur þáttur í fábreytni dreifbýlisins.

Fyrir rúmunum áratug

setti fyrrverandi kvenfélagskona á blað eftirfarandi. ...

Eftir að hafa verið kvenfélagskelling í fimmtung úr öld, rann ég af hólmi.

Ekki vegna þess að ég sé ekki alltaf sama kvenfélagskellingin, heldur vegna þess, að mér fannst ég vera hætt að gera nokkuð gagn. Mér fannst ég alltaf vera að spóla í sama hjólfarinu, ár eftir ár. Ég er ein af þessum

óþolandi manneskjum, sem halda sig vera verkfæri í hendi almættisins og eiga þeim skyldum að gegna að hjálpa til við að skapa og skyldu til að hafa áhrif á nánasta umhverfi sitt, til góðs auðvitað. Enginn viðurkennir annað. Breyta einhverju til batnaðar, þoka einhverju áfram á þróunarbrautinni. Mig langaði til að sjá kvenfélögin breyta örlítið um hljóðfall, í takt við tímann. Leggja meiri áherslu á félagsmál og félagsþroska. Meiri áherslu á námskeið í handmennt, endurhæfingu og/eða tilsögn í listsköpun alls konar og treysta tengsl þess við fornar hefðir og þjóðrækni. Þetta hafa mörg kvenfélögin reyndar gert með margskonar námskeiðahaldi, með heiðri og sóma. Og opnað þau fyrir utanfélagskonum. Þökk sé þeim fyrir það. Það sem mér fannst að, var að kvenfélögin voru líka, og eru enn, að vasast í allskonar veitingarekstri og fjáröflunarfyrirtækjum, með ómældum vinnukvöðum á hverja konu. Þetta fældi og fælir enn ungar konur frá því að ganga í félögin. Þær hreinlega finna sér ekki tíma til þess, og komast ekki frá ungum börnum, hvenær sem kallað er. Þar af leiðandi verður ekki eðlileg endurnýjun í félögunum. Nú veit ég að þið segið, hver á þá að taka að sér þegnskylduvinnu okkar? Hver á að sjá um kaffi og annað við hátíðleg tækifæri? Hver á að sjá um erfisdrykkjur? Hver á að sjá um veitingasölu við réttirnar? O.s.frv. Sjálfsagt verður það hlutur kvenna lengi enn, að elda, baka og vera veitandi. En nú á tímum þarf það ekki að vera kvöð á fáeinum kvenfélagskonum. Stjórnir félagsheimila gætu jafnað út slíkum kvöðum jafnt til eignaraðila, eða kallað til, eftir atvikum, fólk sem aðstæður hefðu til, ef ekki er fastráðið fólk við rekstur hússins. Fjallskilastjórnir ráðið til réttáþjónustu o.fl. Og þá gætu ungar konur og mæður, óhræddar, gengið í kvenfélögin, án þess að þurfa að taka á sig ófyrirsjáanlega vinnukvöð, sem þær eru ekki í stakk búnar til að inna af hendi. Ég var búin að ganga í gegnum þennan reynsluskóla. Þegar ég sagði mig úr kvenfélaginu Börnin voru orðin fullvaxta og sjálfbjarga. Ég var ekki að flýja vinnukvöð. Ég myndi enn þann dag í dag taka þátt í öllum þess kókubakstri, ef mér fyndist að það þokaði nokkru fram á við ...

Hefur eitthvað breyst? Á þessi lýsing við í dag? Að hverju skal stefna?

Margt smátt gerir eitt stórt

Bón um fjárstuðning til kvenfélaganna kemur úr ótrúlegustu áttum og sýnir hve ríkt það er í fólki að telja það sjálfgefið að þau styðji við bakið á öllum þegnum samfélagsins. Það hlýtur að flokkast bæði jákvætt og neikvætt. Könnun safnsins fylgdi bón um aðstoð við að koma upp sýningaskáp fyrir búning Sigurlaugar í Ási, taka saman niðurstöður könnunarinnar og senda til svarenda. Mörg félaganna sinntu kallinu og létu af hendi rakna sem svaraði krónu á hvert ár elsta kvenfélagsins eða 130 kr. á hvern féлага eða meira. Er skemmst frá því að segja að 28 félög allsstaðar af landinu sendu safninu fjárhæðir sem námu frá 1000 - 20 000 kr. Sést hér í verki að margt smátt gerir eitt stórt og að samtakamáttur kvenfélaganna er mikill þegar þau leggjast á eitt. Þetta var ómetanlegur stuðningur og dugði vel.

Lokaorð - samvinna, mannúð, menning

Það er fjarri mér að ætla að setjast í prédikarasæti til að dæma starfsemi kvenfélaganna. En ef vera kynni að svörin við spurningunum og þær vísbendingar sem koma fram, hafi eitthvað að segja sem innlegg til skoðanaskipta eða athugunar á starfsemi kvenfélaganna, þeirra sem kæra sig um að breyta til, þá er takmarkinu náð. Það sem undirrituð leggur til málanna hér er persónulegt álit, sem ekki þarf að taka alvarlega enda einungist sett fram til að vekja umræður. Það er auðvitað margt ósagt enda eru skoðanir þeirra sem meiri reynslu hafa af málefnum kvenfélaganna betur til þess fallnar að koma fyrir almenningsjónir en mínar.

Kvenfélögin standa mörg hver á vegamótum. Með aukinni velmegun og menningu virðist dofna yfir starfsemi félaganna sem í upphafi voru svar þjóðfélagsins við brýnni þörf. Í byrjun svöruðu félögin áreiti frá samfélaginu sem hafa flest verið leidd til lykta, sem betur fer.

Mér virðist vandi kvenfélaganna stafa að miklu leyti af því að þau eru enn að starfa eftir markmiðum sem voru í fullu gildi

fyrir hálfri öld en hafa dagað uppi. Áður vantaði skóla, félagslíf, aðstöðu til að koma saman, afþreyingu osfrv.

Hvað vantar okkur nú? Hverjir eiga í vök að verjast í nútímanum? Börn? Vímuhrjád ungmenni? Elsta kynslóðin? Þjóðararfurinn? Fleira og fleira. Kvenfélögin geta auðveldlega snúið vörn í sókn með því að setja sér markmið sem fela í sér viðbrögð við kröfum nútímans. Væri ekki td. gaman að efla tengsl við yngstu og elstu kynslóðina, heimsækja leikskólabörn og elliheimili. Kvenfélög styðja víða við stofnanir eldri borgara, en er ekki jafn brýnt að komast í beint samband við yngstu kynslóðina sem virðist vera að tapa tengslum við fullorðið fólk og raunveruleika hversdagslífsins. Gæti ekki verið gagn og gaman fyrir þau að fá gesti sem segir þeim sögur, reynslusögur eða þjóðsögur, kennir þeim að hlusta og njóta nærveru manneskju í stað skjás. Kvenfélögin gætu líka tekið þjóðararfinn upp á sína arma, hverfandi handverk og þekkingu, haldið námskeið, verið með fræðsluerindi og stutt við skóla og söfn í formi vinnuframlags og hugmynda. Víða erlendis hafa risið verkstæði við stofnanir af því tagi þar sem unnið er að því að halda við handverksþekkingu, skapa og gera við. Gaman og fræðandi er að taka þátt í leshringjum og kryfja bókmennatverk og fræðirit til mergjar og gagnlegt er fyrir alla að fá starfsgreinakynningar. Í dag fer fram ótrúlega fjölbreytt starfsemi um allt í kring um okkur og enginn veit gjörla allt um hvert starf nema sá eða sú sem það vinnur. Það eykur skilning og samhug að þekkja vinnubrögð og aðstæður í umhverfinu.

Það þarf mikla orku til að halda starfsemi félaga gangandi. Það þarf líka orku til að efla sjálfstraustið og sanna tilverurétt kvenfélaganna, en ég spái því að það takist. Það þarf að laga markmiðin að nútímanum og vinna að því að breyta ímynd félaganna. Kvinnabaráttan virðist hafa gengið í skrokk á mjúku málunum, talandi um kellingarnar í kvenfélaginu? Kannski þarf að endurskoða sjálfboðaliðaskylduna og fjáröflunaraðferðirnar.

Heimildir

Norðanfari 2. árg. 1869. 10. nóv. Akureyri.

Norðanfari 3. árg.1871. Akureyri.

Sigríður Sigurðardóttir, 1983. Nánd nýrra tíma. Um félagsskap skagfirskra kvenna 1869-1929. BA-ritgerð Háskóla Íslands.

Svör frá 55 kvenfélögum, bls.